

Reykjavík, 7.3.2015 Kl.13:00

41. Lyftingaþing Lyftingasambands Íslands

Sal Lionsumdæmisins á Íslandi

Sóltúni 20, 105 Reykjavík



1. Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins í samræmi við lög L.S.Í.

Lárus Páll Pálsson Formaður L.S.Í. Setur þingið, löglega var boðað til þingsins með löglegum fyrirvara, engin mótmæli voru fyrir því og er 41. Lyftingaþing formlega sett

Að tillögu formanns er Sigríður Jónsdóttir Ritari og formaður þróunar og fræðslusviðs Í.S.Í. kosinn Þingforseti, í innsetningarorðum biður hún fundarmenn að rísa úr sætum til minningar Elísabetar Sóleyjar Stefánsdóttur fallins félaga og gjaldkera L.S.Í.

2. Kosin kjörbréfanefnd 3ja manna.

Tilögur að Stefán Ragnar, Guðmundur Helgi og Erlendur taki að sér að fara yfir kjörbréfin
Tillaga samþykkt.

Tillaga að Ingi Gunnar Ólafsson taki að sér hlutverk þingritara
Tillaga samþykkt.

3. Kosnar nefndir þingsins.

Fjárlaganefnd eru kosin Hildur Grétarsdóttir og Árni Björn Kristjánsson, í laganeftnd eru þeir Sigmundur Davíðsson og Haraldur Björn Sigurðsson

4. Álit Kjörbréfanefndar Lagt fram og samþykkt.

Af 11 félögum eru fulltrúar 7 félaga mættir

Glímufélagið Ármann: 5
Lyftingafélag Reykjavíkur : 1
Lyftingafélag Garðabæjar: 2
Kraftlyftingafélag Akureyrar: 2
Fimleikafélag Hafnafjarðar: 2
U.M.F. Njarðvíkur: 1
U.M.F. Skallagrímur: 0
Lyftingafélagið Hengill: 0
Lyftingafélag Hafnafjarðar: 1
Lyftingafélag Kópavogs: 0
Íþróttafélag Reykjavíkur: 0

5. Fráfarandi stjórn Gefur Skýrslu sína.

Lárus Páll Pálsson, formaður L.S.Í. fer yfir liðið ár

Taka skal fram að vegna hagræðingar var kosið á síðasta þingi að rekstrarár er nú almanaksár og því nær skýrsla stjórnar yfir 16 mánaða tímabil frá 1.9.2013-31.12.2014.

Sjá fylgigögn: Ársskýrsla 2014

Kemur fram í ræðu formanns að vöxtur sambandsins, starf innanlands sem utan hafi vakið athygli alþjóðasambandsins, 2010 voru 30 iðkendur en nú séu yfir 500 skráðir.

6. Lagðir fram skoðaðir reikningar sambandsins.

Ásgeir Bjarnason starfandi gjaldkeri lagði fram og skýrði reikningana. Tímabil skýrslu er 16 mánuðir vegna aðlögunar rekstrarárs að almanaksári.

Rekstrartekjur: 7.382.505

Rekstrargjöld: 5.707.993

Hagnaður tímabils eftir fjármagnsliði: 1.688.882

Eigið fé og skuldir: 6.797.023

Sjá fylgiskjöl: Rekstrareikningur 2014

Orðið opið fyrir fyrirspurnir.

Grétar Skúli spyr um úthlutaða styrki gegnum Rannís, og fær nánari skýringar á því.

Reikningum er vísað til fjárhagsnefndar til umræðu í hléi og því næst til þings til samþykktar

7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Ásgeir Bjarnason lagði fram fjárhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir tekjum 8.450.000 en gjöldum 8.470.000

Fjárhagsáætlun er vísað til fjárhagsnefndar og því næst til þings til samþykktar

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.

Tillaga 1.

Í nágildandi reglum kemur fram að halda eigi þingið í maí á ári hverju, lagt er til að þing skuli haldið í febrúar

Tillaga 2.

Breyting á orðalagi á reglum um kosningu úr endurskoðanda í skoðunarmann í lögum.

Tillaga 3.

17gr. Afrekstefna Lyftingasambandsins skal endurskoðuð fyrir hvert ólympíuár

Tillaga 4.

18.gr. Stjórn og varamenn hafa atkvæðisrétt um val á lyftingakonu og manni ársins, valið skal ávallt miðast við tímabilið 1. Janúar til 30. Nóvember. Ef óskað er eftir því getur kosning verið nafnlaus. Val á lyftingakonu og manni ársins skal miðast við árangur íþróttamannsins á liðnu ári og er þá sérstaklega horft til Sinclair stigatölu sem og árangur á alþjóðlegum mótum. Lyftingamaður eða kona ársins skulu ekki hafa orðið uppvís af lyfjamisferli síðustu fjögur ár á undan vali

Tillögum er vísað til laganefndar til umræðu og fyrirtöku eftir hlé

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar, svo og önnur mál er þingið varðar.

Ásger Bjarnason kynnir afreksstefnu L.S.Í.
Sjá fylgigögn.

Fram kemur að Ísland á möguleika á sæti á ólympíuleikum 2016 fyrir kvenmann og stefna sambandsins er að leggja vinnu að því markmiði

Boðið var uppá umræðu en enginn bað um orðið, Afrekstefna er einróma samþykkt af þingi með handauppréttingu.

10. Afhending á orðum og viðurkenningum.

Sigríður Jónsdóttir þingforseti og fulltrúi Í.S.Í. flytur þinginu kveðjur frá stjórn og forseta Í.S.Í. og óskar sambandinu til hamingju með störf á liðnum árum, talar um grettistak í endurvakningu Íþróttarinnar.

Íþróttasamband Íslands heiðraði félagsmenn.

Guðmundur Helgi Helgason, Silfurmerki Í.S.Í. fyrir framlag í þágu Lyftingasambandsins og Íþróttahreyfingarinnar.

Sigmundur Davíðsson, Silfurmerki Í.S.Í. fyrir framlag í þágu Lyftingasambandsins og Íþróttahreyfingarinnar.

Lárus Páll Pálsson, Gullmerki Í.S.Í. fyrir framlag í þágu Lyftingasambandsins og Íþróttahreyfingarinnar.

Lárus Páll Pálsson Formaður L.S.Í. Afhendir Viðurkenningar- áritaður skjöldur, Lyftingakona og Lyftingamaður ársins ásamt Lyftingaungmennni ársins U20 í kvenna og karlaflokki

Anna Hulda Ólafsdóttir, Lyftingakona ársins 2014

Andri Gunnarsson, Lyftingamaður ársins 2014

Lilja Lind Helgadóttir, Lyftinga ungmenni ársins 2014

Guðmundur Högni Hilmarsson, Lyftinga ungmenni ársins 2014, Guðmundur var einn mættur til viðtöku viðurkenninga af fyrr töldum aðilum

Þinghlé.

11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

Fjárlaganefnd.

Reikningar, Samþykkt einróma með handauppréttingu.

Fjárhagsáætlun 2015, Samþykkt einróma með handauppréttingu.

Laganefnd.

Tillaga 1.

Í nágildandi reglum kemur fram að halda eigi þingið í maí á ári hverju, lagt er til að þing skuli haldið í *febrúar*

Breytt í

Í nágildandi reglum kemur fram að halda eigi þingið í maí á ári hverju, lagt er til að þing skuli haldið **fyrir 31.Mars**, Tillaga samþykkt einróma

Tillaga 2.

8. Grein liður e) *2 endurskoðendur*,

Breytt í

2 Skoðunarmenn, Tillaga samþykkt einróma

Tillaga 3.

Viðbótargreinar við lög

17gr. Afrekstefna Lyftingasambandsins skal endurskoðuð fyrir hvert ólympíuár, Samþykkt einróma

Tillaga 4.

18.gr. Stjórn og varamenn hafa atkvæðisrétt um val á lyftingakonu og **manni** ársins, valið skal ávallt miðast við tímabilið *1. Janúar til 30. Nóvember*. Ef óskað er eftir því getur kosning verið nafnlaus. Val á lyftingakonu og **manni** ársins skal miðast við árangur íþróttamannsins á liðnu ári og er þá sérstaklega horft til Sinclair stigatölu sem og árangur á alþjóðlegum mótum.

Lyftingamaður eða kona ársins skulu ekki hafa orðið uppvís af lyfjamisferli **síðustu fjögur ár á undan vali**.

Breytt í

Tillaga 4.

18.gr. Stjórn og varamenn hafa atkvæðisrétt um val á lyftingakonu og **Karli** ársins, valið skal ávallt miðast við tímabilið **1. Desember** til 30. Nóvember. Ef óskað er eftir því getur kosning verið nafnlaus. Val á lyftingakonu og **Karli** ársins skal miðast við árangur íþróttamannsins á liðnu ári og er þá sérstaklega horft til Sinclair stigatölu sem og árangur á alþjóðlegum mótum. Lyftingakarl eða kona ársins skulu ekki hafa orðið uppvís af lyfjamisferli. **(fjögur ár á undan vali, er tekið út)** Tillaga Samþykkt einróma

Lög sambandsins eru borin fram í heild með áherslubreytingum til samþykktar, Lögin eru samþykkt einróma.

12. Ákveðið gjald ævifélaga

Engin mál undir þessum lið

13. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanns og fulltrúa á íþróttaping.

- a) Formaður. Ásgeir Bjarnason, Tillaga samþykkt einróma
- b) 1-2 úr fráfarandi stjórn, Árni Björn Kristjánsson og Ingi Gunnar Ólafsson
- c) 2-3 Meðstjórnendur, Hildur Grétarsdóttir og Stefán Ragnar Jónsson
- d) 4 Varamenn, Lárus Páll Pálsson, Arnar Tuliníus, Grétar Skúli Gunnarsson og Guðmundur Már Þorvarðarson. Tillögur samþykktar einróma
- e) 2 skoðunarmenn, Vilhelm Patrick Bernhöft og Hulda B. Waage, samþykkt einróma
- f) Fulltrúi á Íþróttaping, vísað til stjórnar

14. Kosinn formaður dómaranefndar.

Sigmundur Davíðsson kosinn einróma

15. Önnur mál.

Grétar Skúli Gunnarsson kynnir Íþróttastarsemi á Akureyri, Grétar fékk inn lyftingar sem grein á unglingalandsmóti fyrir 13-17 ára og hvetur aðildarfélög til að senda unglinga á Landsmót. Bæði lyftingar sem og kraftþraut í boði fyrir keppendur.

Fráfarandi formaður Lárus Páll Pálsson ávarpar þingið og styður við tillögu Grétars um að virkja unglinga til þátttöku á landsmóti

16. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Óskað er eftir að þingritari gangi frá þingfundagerð og sendi á stjórn til samþykktar

17. Þingslit.

Þingforseti gefur nýkjörnum formanni orðið og þakkar þingmönnum fyrir þingið

Ásgeir þakkar kjörið og þakkar þeim sem gáfu kost á sér til starfa í og fyrir stjórn, talar um að það er búið að vera mikið uppbyggingarstarf og áréttar að lögð verði áframhaldandi áhersla að uppbyggingu og virkjun félaga innan sambandsins, hlúið verði að félögum til sjálfstæðis við

mótahald, L.S.Í. er boðið og búið til að styrkja félögin í þeim málum t.d. bjóða uppá dómaramámskeið fyrir félagsmenn, Ásgeir lýsir yfir ánægju á dreifingu stjórnar miðað við landshluta og tilhlökkun til starfa á nýjustarfsári. Með þeim orðum er þingið slitið.

Ingi Gunnar Ólafsson
Þingritari.